

10. mars 2016

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2015

Quarterly national accounts, 4th quarter 2015

Samantekt

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2015 jókst um 3,2% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2014. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 7,5%. Einkaneysla jókst um 6,1%, samneysla um 1,1% og fjárfesting um 31,2%. Útflutningur jókst um 10,6% á sama tíma og innflutningur nokkru meira, eða um 20,3%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla dróst saman um 1,1% milli 3. og 4. ársfjórðungs 2015. Þar af jókst einkaneysla um 1,8%, samneysla um 0,5%, fjárfesting um 5,2% og innflutningur um 8,3%.

Tafla 1. Þjóðarútgjöld og landsframleiðsla

Table 1. Domestic expenditure and GDP


| | Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK | Magnbreyting | | | |
|--|---|---|--|--------------------------------------|-------------|
| | | frá fyrra ári, % Volume change from previous year, % | Magnbreyting frá fyrrri ársfj., % ¹ Volume change from million ISK | | |
| | 4. ársfj. 4 th quarter | 1.-4. ársfj. 1 st -4 th quarter | 3. ársfj. 3 rd quarter | 4. ársfj. 4 th quarter | |
| Einkaneysla <i>Private final consumption</i> | 305.194 | 6,1 | 4,8 | 1,3 | 1,8 |
| Samneysla <i>Government final consumption</i> | 139.211 | 1,1 | 1,1 | -0,1 | 0,5 |
| Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i> | 118.646 | 31,2 | 18,6 | 9,5 | 5,2 |
| Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i> | -6.730 | -1,7 | 0,0 | ... | ... |
| Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expendit.</i> | 556.320 | 7,5 | 6,3 | 2,7 | 1,6 |
| Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i> | 265.869 | 10,6 | 8,2 | -4,0 | 2,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i> | -258.786 | 20,3 | 13,5 | -1,7 | 8,3 |
| Verg landsframleiðsla GDP | 563.404 | 3,2 | 4,0 | 1,2 | -1,1 |

1 Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

2 Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2015. Preliminary figures 2014–2015.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2015. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2014–2015. Change from the previous quarter.

Einkaneysla eykst

Einkaneysla á 4. ársfjórðungi 2015 jókst um 6,1% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2014 þetta er mesti vöxtur einkaneyslu síðan á fyrsta ársfjórðungi 2008. Á föstu verðlagi hefur einkaneysla aldrei verið hærrí og fer nú yfir fjórða ársfjórðung 2007 í fyrsta skipti. Milli 3. og 4. ársfjórðungs 2015 jókst einkaneysla um 1,8%.

Samneysla eykst Samneysla jókst um 1,1% að raungildi á 4. ársfjórðungi 2015 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,5% frá 3. til 4. ársfjórðungs 2015. Tölur um fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2015 verða birtar í Hagtíðindum 15. mars 2016.

Fjárfesting eykst Fjárfesting á 4. ársfjórðungi 2015 jókst um 31,2% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung árið áður. Fjárfesting atvinnuvega jókst um 43,4%, íbúðafjárfesting um 9,7% og fjárfesting hins opinbera um 6,4%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 30,5% og fjárfesting alls um 22,6% borið saman við sama ársfjórðung síðasta árs.

Fjárfesting jókst um 5,2% á 4. ársfjórðungi borið saman við 3. ársfjórðung 2015. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 3,9%, íbúðafjárfesting um 11% og fjárfesting hins opinbera um 6,2%.

Birgðir dragast saman Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 4. ársfjórðungi 2015 minnkuðu birgðir um 6,7 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um 5,3 milljarða króna samdrátt í birgðum sjávarafurða og 1,1 milljarðs króna samdrátt í birgðum kísil-járns og rekstrarvöru.


Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu Þjóðarútgjöld jukust um 8,3% að raungildi á 4. ársfjórðungi borið saman við 4. ársfjórðung 2014 sem einkum má rekja það til aukinnar fjárfestingar og einkaneyslu. Frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2015 jukust þjóðarútgjöld um 1,6%.

Utanríkisverslun Útflutningur á 4. ársfjórðungi 2015 jókst um 10,6% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2014. Þar af jókst vöruútflutningur um 9% en þjónustuútflutningur um 12,6%. Á sama tíma jókst innflutningur um 20,3%. Þjónustuinnflutningur jókst um 6,4% og vöruinnflutningur um 30,4%. Landsframleiðslan jókst því minna en nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 3,9% samanborið við 8,3% aukningu þjóðarútgjalda. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

Aukning var í inn- og útflutningi milli 3. og 4. ársfjórðungs 2015. Útflutningur jókst um 2,5% og innflutningur um 8,3%.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var 7,1 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2014, en það er mun lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (26,4 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 14,2 milljarða króna en þjónustujöfnuðurinn jákvæður um 21,2 milljarða króna.

Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 4. ársfjórðungi mest í Svíþjóð, 4,5%. Í Bretlandi var hagvöxtur 1,9%, Bandaríkjunum 1,9%, Frakklandi 1,4%, Þýskalandi 1,3, Hollandi 1,1%, Finnland 0,7%, Japan 0,7% Danmörku 0,6% og Noregi, 0,3%.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014–2015. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2014–2015. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Vöxtur á árinu 2015

Landsframleiðsla á árinu 2015 nam 2.205 milljörðum króna borið saman við 2.004 milljarð króna árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðsla að raungildi um 4,0% á árinu 2015. Nánar má lesa um árið 2015 í heild í Hagtiðindum *Landsframleiðslan 2015, bráðabirgðatölur*.

Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Niðurstöður fyrir árin 2014–2015 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2016 verða birtar í Hagtiðindum 7. júní 2016.

English summary

Non-seasonally adjusted results indicate a year-over-year (YOY) increase in GDP by 3.2% for the 4th quarter of 2015. Total domestic final expenditure increased by 7.5%. Household final consumption increased by 6.1%, government final consumption by 1.1% and gross fixed capital formation by 31.2%. Exports grew by 10.6% and imports grew by 20.3%.

Gross fixed capital formation figures indicate a YOY increase of 31.2%, led by a 43.4% increase in business sector investment. Residential construction increased by 9.7% and government investment increased by 6.4%.

Seasonally adjusted GDP in the 4th quarter of 2015 decreased by 1.1% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 1.6%. Household final consumption increased by 1.8%, government final consumption by 0.5% and gross fixed capital formation increased by 5.2%. Exports increased by 2.5% and imports by 8.3% in the 4th quarter of 2015 as compared with the 3rd quarter of 2015.

For the year 2015, GDP increased by 4.0% in real terms.

National accounts for the 1st quarter of 2016 will be published on the 7th of June 2016.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2011–2015*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2011–2015*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Govvern. final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|--|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Verðlag hvers árs, milljónir króna | | | | | | | | |
| <i>Million ISK at current prices</i> | | | | | | | | |
| 2011 | 879.710 | 420.425 | 261.613 | 3.357 | 1.565.104 | 962.536 | -827.133 | 1.700.507 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 203.423 | 99.378 | 53.329 | 18.112 | 374.241 | 204.400 | -177.710 | 400.931 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 219.719 | 105.732 | 61.504 | -4.756 | 382.199 | 238.855 | -204.797 | 416.256 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 217.748 | 105.109 | 65.094 | -4.057 | 383.894 | 282.213 | -219.289 | 446.818 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 238.820 | 110.206 | 81.685 | -5.941 | 424.770 | 237.069 | -225.336 | 436.502 |
| 2012 | 948.382 | 436.303 | 284.506 | 1.800 | 1.670.991 | 1.013.269 | -907.060 | 1.777.200 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 223.259 | 104.490 | 71.801 | 19.361 | 418.911 | 226.371 | -212.385 | 432.897 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 240.189 | 110.065 | 76.665 | -11.152 | 415.768 | 258.739 | -244.387 | 430.119 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 228.777 | 107.238 | 66.103 | -68 | 402.050 | 284.788 | -225.923 | 460.915 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 256.156 | 114.510 | 69.938 | -6.341 | 434.263 | 243.371 | -224.365 | 453.269 |
| 2013 | 987.859 | 459.221 | 296.846 | -4.953 | 1.738.973 | 1.047.616 | -897.453 | 1.889.136 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 234.355 | 110.566 | 66.775 | 13.950 | 425.646 | 237.946 | -208.042 | 455.549 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 246.981 | 116.144 | 77.392 | -3.680 | 436.837 | 248.455 | -227.357 | 457.934 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 239.064 | 112.643 | 69.861 | -5.479 | 416.088 | 303.277 | -231.575 | 487.790 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 267.460 | 119.869 | 82.818 | -9.744 | 460.403 | 257.938 | -230.479 | 487.863 |
| 2014¹ | 1.046.641 | 484.850 | 345.759 | 2.045 | 1.879.296 | 1.067.242 | -942.900 | 2.003.638 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 245.024 | 115.666 | 80.387 | 287 | 441.365 | 221.265 | -209.681 | 452.950 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 263.062 | 121.966 | 77.427 | 2.046 | 464.500 | 254.436 | -236.228 | 482.708 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 252.385 | 120.038 | 98.821 | -2.309 | 468.934 | 325.510 | -257.320 | 537.124 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 286.170 | 127.180 | 89.125 | 2.022 | 504.497 | 266.031 | -239.672 | 530.856 |
| 2015¹ | 1.105.770 | 520.143 | 420.898 | 3.489 | 2.050.300 | 1.176.618 | -1.021.439 | 2.205.479 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 257.403 | 123.913 | 96.036 | 15.245 | 492.598 | 259.682 | -235.491 | 516.789 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 278.211 | 128.826 | 101.483 | -3.652 | 504.868 | 316.510 | -270.490 | 550.888 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 264.962 | 128.192 | 104.734 | -1.374 | 496.514 | 334.556 | -256.672 | 574.398 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 305.194 | 139.211 | 118.646 | -6.730 | 556.320 | 265.869 | -258.786 | 563.404 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2011–2015

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Govvern. final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in inventory¹</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, % | | | | | | | | |
| <i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i> | | | | | | | | |
| 2011 | 2,5 | -0,1 | 11,6 | 0,2 | 3,5 | 3,4 | 6,8 | 2,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 0,6 | 0,4 | 5,9 | 1,4 | 3,1 | 4,2 | 4,0 | 2,9 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,8 | -0,4 | 3,3 | 0,9 | 4,0 | -0,9 | 5,9 | 0,6 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 2,0 | 0,6 | 7,3 | -1,0 | 1,4 | 7,7 | 6,6 | 3,0 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 2,5 | -1,1 | 27,8 | -0,2 | 5,2 | 2,4 | 10,1 | 1,5 |
| 2012 | 2,1 | -1,8 | 5,3 | 0,0 | 1,6 | 3,6 | 4,6 | 1,2 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 2,5 | -2,8 | 31,4 | 0,5 | 5,7 | 5,6 | 10,5 | 3,5 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 2,6 | -2,5 | 20,4 | -1,5 | 2,3 | 6,5 | 13,1 | -0,6 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,8 | -1,5 | -0,0 | 0,8 | 1,2 | 3,3 | 3,7 | 1,5 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 2,4 | -0,6 | -19,3 | 0,2 | -2,5 | -0,6 | -7,0 | 0,7 |
| 2013 | 1,0 | 1,0 | 2,2 | -0,5 | 0,7 | 6,7 | 0,1 | 4,4 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,2 | 1,8 | -12,2 | -1,7 | -3,1 | 3,7 | -5,7 | 1,8 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,5 | 1,8 | 2,3 | 1,8 | 3,3 | 2,8 | -1,8 | 5,8 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,2 | 0,2 | 2,8 | -1,1 | 0,2 | 8,5 | 1,5 | 4,6 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,1 | 0,3 | 17,3 | -0,9 | 2,4 | 11,3 | 6,4 | 5,4 |
| 2014² | 3,0 | 1,7 | 16,0 | 0,4 | 5,3 | 3,1 | 9,8 | 2,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 2,3 | 1,5 | 20,2 | -3,0 | 1,9 | 3,5 | 11,0 | -1,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 3,8 | 1,4 | -1,8 | 1,3 | 3,4 | 4,9 | 6,9 | 2,6 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,7 | 2,3 | 41,4 | 0,7 | 9,2 | 6,2 | 14,1 | 4,5 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 4,0 | 1,7 | 8,1 | 2,4 | 6,8 | -2,7 | 7,2 | 1,6 |
| 2015² | 4,8 | 1,1 | 18,6 | 0,0 | 6,3 | 8,2 | 13,5 | 4,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 4,0 | 1,7 | 16,5 | 3,2 | 8,9 | 3,8 | 13,8 | 4,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,4 | 1,2 | 26,4 | -1,1 | 6,1 | 15,2 | 15,1 | 6,7 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 4,3 | 0,1 | 2,8 | 0,0 | 2,9 | 3,6 | 5,3 | 2,0 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 6,1 | 1,1 | 31,2 | -1,7 | 7,5 | 10,6 | 20,3 | 3,2 |

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2011–2015, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2011–2015*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Governm. final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Þjódar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|--|---|--|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, % | | | | | | | |
| <i>Percentage change on the previous quarter</i> | | | | | | | |
| 2011 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | -0,5 | -0,4 | -7,1 | -0,8 | -3,9 | -3,8 | -1,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 1,6 | -0,5 | 2,9 | 1,0 | 1,1 | -1,3 | 2,0 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,4 | 0,0 | 10,4 | 2,1 | 5,0 | 5,5 | 2,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,4 | -0,7 | 20,3 | 2,5 | 0,5 | 10,1 | -1,7 |
| 2012 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 0,7 | -1,3 | -6,5 | -0,3 | -0,6 | -3,4 | 0,8 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,6 | -0,4 | -2,7 | -1,2 | 1,1 | 1,2 | -1,0 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | -0,2 | 0,7 | -8,0 | -0,4 | 1,8 | -2,8 | 2,1 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,8 | 0,3 | -3,1 | -0,7 | -2,6 | -3,4 | -0,4 |
| 2013¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | -0,2 | -0,2 | 1,9 | -0,5 | 4,3 | -0,5 | 2,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | -0,1 | 1,0 | 13,5 | 3,7 | -0,9 | 5,1 | 0,3 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,2 | -0,2 | -8,6 | -2,0 | 6,6 | 0,6 | 1,6 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | -0,0 | 0,4 | 10,7 | 2,0 | 1,9 | 0,8 | 2,4 |
| 2014¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,0 | 0,8 | 3,3 | 0,5 | -2,8 | 4,2 | -3,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 1,1 | 0,1 | -5,9 | 1,5 | -0,7 | 1,2 | 0,2 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,5 | 0,7 | 32,4 | 5,6 | 6,9 | 7,3 | 5,4 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,2 | -0,1 | -16,7 | -2,0 | -4,7 | -5,5 | -1,8 |
| 2015¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,1 | 0,6 | 11,1 | 2,2 | 3,5 | 10,7 | -1,0 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 1,4 | -0,0 | 3,0 | 0,9 | 8,8 | 2,4 | 4,4 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,3 | -0,1 | 9,5 | 2,7 | -4,0 | -1,7 | 1,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,8 | 0,5 | 5,2 | 1,6 | 2,5 | 8,3 | -1,1 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2011–2015

Table 5. Contribution to growth 2011–2015

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Governm. final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|--|---|--|---|--|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, % | | | | | | | |
| % points contributions to growth in GDP from previous quarter | | | | | | | |
| 2011 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | -2,0 | -0,2 | -1,3 | 0,6 | -0,6 | 2,4 | -1,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,8 | -0,1 | 0,4 | -0,3 | 0,6 | 0,6 | 2,0 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,2 | 0,0 | 1,4 | 0,2 | 2,7 | -2,4 | 2,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,2 | -0,2 | 3,1 | -0,6 | 0,3 | -4,5 | -1,7 |
| 2012 | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 0,6 | 0,2 | -1,3 | 0,8 | 1,7 | -2,1 | -0,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,3 | -0,1 | -0,5 | -0,8 | 0,6 | -0,6 | -1,0 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | -0,1 | 0,2 | -1,3 | 0,8 | 1,1 | 1,5 | 2,1 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,4 | 0,1 | -0,5 | -0,6 | -1,5 | 1,7 | -0,4 |
| 2013¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,1 | 0,5 | 0,3 | -0,7 | 1,5 | -0,5 | 2,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | -0,0 | 0,2 | 2,0 | 1,1 | -0,5 | -2,5 | 0,3 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,6 | -0,1 | -1,4 | -0,9 | 3,8 | -0,3 | 1,6 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | -0,0 | 0,1 | 1,6 | 0,0 | 1,1 | -0,4 | 2,4 |
| 2014¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,2 | 0,7 | 0,6 | -0,6 | -4,5 | -0,6 | -3,1 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,6 | 0,0 | -1,0 | 1,7 | -0,4 | -0,6 | 0,2 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,3 | 0,2 | 5,3 | -0,4 | 3,9 | -3,7 | 5,4 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,6 | -0,0 | -3,4 | 0,8 | -2,7 | 2,9 | -1,8 |
| 2015¹ | | | | | | | |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | -0,0 | 0,1 | 1,3 | -0,4 | -1,0 | -0,9 | -1,0 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,7 | -0,0 | 0,6 | -0,4 | 4,8 | -1,2 | 4,4 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 0,7 | -0,0 | 1,8 | 0,1 | -2,3 | 0,9 | 1,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,9 | 0,1 | 1,0 | -0,5 | 1,3 | -4,1 | -1,1 |

Skýring Note: Míðað er við árstíðaleiðrétta tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015, árstíðaleiðrétt
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2011–2015*

| | Einkaneysla <i>Household final consumption</i> | Samneysla <i>Governm. final consumption</i> | Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i> | Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i> | Út- flutningur <i>Exports</i> | Inn- flutningur <i>Imports</i> | Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i> |
|---|---|--|---|---|-------------------------------------|--------------------------------------|--|
| Raubreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i> | | | | | | | |
| 2011 | 2,5 | -0,1 | 11,6 | 3,5 | 3,4 | 6,8 | 2,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,2 | 0,7 | 3,4 | 0,8 | 4,9 | 3,9 | 1,6 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,4 | 0,1 | 3,0 | 4,3 | -0,9 | 5,8 | 0,9 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 2,5 | 0,2 | 11,4 | 3,8 | 7,2 | 6,9 | 4,2 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,9 | -1,6 | 27,0 | 5,0 | 2,5 | 10,2 | 1,3 |
| 2012 | 2,1 | -1,8 | 5,3 | 1,6 | 3,6 | 4,6 | 1,2 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 3,0 | -2,5 | 27,7 | 5,4 | 6,1 | 10,7 | 3,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 2,0 | -2,4 | 20,7 | 3,2 | 6,1 | 13,4 | 0,2 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,4 | -1,7 | 0,7 | 0,6 | 2,8 | 4,6 | 0,1 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 1,8 | -0,7 | -19,0 | -2,6 | -0,3 | -8,3 | 1,5 |
| 2013¹ | 1,0 | 1,0 | 2,2 | 0,7 | 6,7 | 0,1 | 4,4 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 1,0 | 0,4 | -11,7 | -2,7 | 4,6 | -5,4 | 2,9 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 0,3 | 1,8 | 3,1 | 2,0 | 2,5 | -1,7 | 4,2 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 1,8 | 0,8 | 2,4 | 0,4 | 7,3 | 1,8 | 3,8 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 0,9 | 1,0 | 17,1 | 3,1 | 12,3 | 6,2 | 6,7 |
| 2014¹ | 3,0 | 1,7 | 16,0 | 5,3 | 3,1 | 9,8 | 2,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 2,2 | 2,1 | 18,7 | 4,1 | 4,6 | 11,2 | 1,2 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 3,3 | 1,1 | -1,7 | 1,9 | 4,8 | 7,0 | 1,1 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 2,6 | 2,1 | 42,5 | 9,8 | 5,0 | 14,1 | 4,9 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 3,9 | 1,6 | 7,2 | 5,5 | -1,8 | 6,9 | 0,6 |
| 2015¹ | 4,8 | 1,1 | 18,6 | 6,3 | 8,2 | 13,5 | 4,0 |
| 1. ársfj. <i>1st quarter</i> | 4,0 | 1,4 | 15,4 | 7,3 | 4,6 | 13,5 | 2,8 |
| 2. ársfj. <i>2nd quarter</i> | 4,3 | 1,3 | 26,2 | 6,7 | 14,6 | 14,9 | 7,0 |
| 3. ársfj. <i>3rd quarter</i> | 5,1 | 0,5 | 4,4 | 3,8 | 3,0 | 5,3 | 2,7 |
| 4. ársfj. <i>4th quarter</i> | 5,7 | 1,1 | 31,8 | 7,7 | 10,8 | 20,6 | 3,4 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagfíðindi
Statistical Series

101. árg. • 5. tbl.

ISSN 1670-4770

Þjóðhagsreikningar
National accounts

10. mars 2016

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.